

Jafnréttisáætlun Múlakaffi

Jafnréttisáætlun Múlakaffi ehf. er ætlað að tryggja jafnrétti kynjanna og jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækisins. Markmiðið er að starfsfólk geti nýtt hæfni sína, krafta og kunnáttu án þess að kynbundinn mismunur eigi sér stað. Með áætlun þessari eru stjórnendur og annað starfsfólk minnt á mikilvægi þess að allir fái notið sín án tillits til kynferðis, trúarbragða, þjóðernis, kynþáttar, skoðana, kynhnegðar og aldurs. Hvers kyns mismunun verður ekki liðin hjá fyrirtækinu og er stefna fyrirtækisins að útrýma mismunun komi hún í ljós.

Jafnréttisáætlun er unnin í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Jafnréttisáætlun Múlakaffis tekur tilliti til:

Launajafnréttis

Starfsfólk sem vinnur sambærileg störf í fyrirtækinu skal fá greitt sambærileg laun og njóta sambærilegra kjara fyrir vinnu sína. Einnig skal vera samræmi í öðrum aukagreiðslum milli kynja og skulu öll kyn hafa jöfn tækifæri til bónusgreiðslna o.þ.h.

Öll kyn skulu einnig njóta sömu kjara hvað varðar lífeyris-, orlofs- og veikindarétt og hver önnur starfskjör eða réttindi sem metin eru til fjár.

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og veiting starfa

Múlakaffi leitast eftir því að hafa sem hæfasta starfsmenn í sínum röðum á hverjum tíma og að kynjahlutfallið sé sem jafnast. Laus störf skulu standa opin öllum kynjum og ráðningar skulu vera með faglegum hætti. Kynin skulu einnig njóta jafnréttis þegar kemur að möguleikum á endurmenntun og starfsþjálfun. Séu haldin sérstök námskeið til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf skal tryggja að engin mismunun eigi sér stað.

Samræming fjölskyldulífs og starfs

Múlakaffi stefnir að því að auðvelda öllum kynjum að samræma fjölskyldulíf og starfs. Fyrirtækið gerir ráð fyrir að almennt hafi öll kyn ríkum skyldum að gegna gagnvart fjölskyldu sinni og mun veita sveigjanleika þar sem því verður við komið þegar þess er þörf vegna fjölskylduaðstæðna. Starfsmönnum sé jafnframt auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða foreldraorlof með hagræðingu starfshlutfalls fyrst á eftir þar sem því verður við komið.

Stefna og aðgerðaráætlun Múlakaffi um einelti, kynbundinna- og kynferðislega áreitni og ofbeldi (EKKO)

Allir starfsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu. Einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni verður undir engum kringumstæðum liðin. Meðvirkni starfsmanna í tengslum við einelti er jafnframt fordæmt.

Til er aðgerðaráætlun um hvernig bregðast skuli við komi upp mál er varða hugsanlegt einelti, kynbundið ofbeldi og kynbundinna og kynferðislega áreitni.

Stefna þessi og viðbragðsáætlun er byggt á þeim lögum og reglugerðum sem eiga við um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi sem og aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Einelti

Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta.

Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Kynbundin áreitni

Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Kynferðisleg áreitni

Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Ofbeldi

Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjána þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.